

---

# Ársskýrsla Garðasels

## Haust 2005 – Haust 2006

### Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

#### 4.gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15. og 16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitastjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv.7.gr. laga nr 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

### Efnisyfirlit.

<b>Almennar upplýsingar.</b> .....	bls. 2
<b>Starfið leikskólaárið 1.sept.-31.ágúst.</b> .....	bls. 2-6
Starfsáætlun	
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður.	
Próunar- og nýbreytnistarf.	
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.	
Styttri kynnisferðir.	
Lengri ferðir.	
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.	
Kynning á leikskólanum út á við.	
Fundir	
Skipulagsdagar og námskeiðsdagar.	
<b>Foreldrasamstarf.</b> .....	bls. 6-7
Áherslur og markmið.	
Foreldrafundir.	
Foreldraviðtöl og fréttabréf.	
Foreldrafélög.	
<b>Samstarf – fræðsla – ráðgjöf.</b> .....	bls. 8-10
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.	
Starfsmannasamtöl.	
Leikskólakennaranám við KHÍ og HA-nemar.	
Samstarf við grunnskóla.	
Samstarf við aðra.	
Öryggismál.	
Breytingar og viðhald	
Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur og fl.	
<b>Lokaorð.</b> .....	bls. 11

---

## Almennar upplýsingar

Garðasel, Hólmgarði 4  
sími 421-3252 símbref 421-3221  
Netfang : [gardasel@reykjanesbaer.is](mailto:gardasel@reykjanesbaer.is)  
Veffang: [reykjanesbaer.is/gardasel](http://reykjanesbaer.is/gardasel)

Leikskólinn Garðasel tók til starfa árið 1974. Garðasel er fjögurra deilda aldursskiptur leikskóli með sveigjanlegann vistunartíma. Deildirnar heita Lundur og Þúfa fyrir börn 2-4 ára, Varða og Hvammur fyrir börn 4-5 ára. Í skólanum dvöldu 127 börn skólaárið 2005-2006. Markmið leikskólans er að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir og þroska hvers og eins. Meginmarkmið leikskólans er að efla hreyfifærni barns sem er undirstaða alls almenns þroska og eðlilegrar jákvæðrar sjálfsmyndar, ásamt lífsleikni, umburðarlyndi, víðsýni og skapandi starfi. Leiðir okkar til að ná fram settu markmiði eru markviss hreyfing þ.e. mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar skipulagðar hreyfistundir (jóga) þar sem jafnvægi ríkir á milli gróf- og fínhreyfinga ásamt kraftgöngu og vettvangsferðum, markvissri málörvun og opnum og einföldum efnivið. Markvisst hreyfinám hefur verið í Garðaseli síðan 1991.

**Einkunnarorð leikskólans eru Hreyfing, virðing, kærleikur, skapandi starf.**

## Starfið síðasta leikskólaár.

### Starfsáætlun.

Ársáætlun/skóladagatal fyrir árið 2005-2006 var fylgt vel eftir og stóðst hún í alla staði. Unnið var að öllum undirbúningi fyrir veturinn á starfsmannafundum þar sem gerð var starfsáætlun fyrir hvern mánuð í senn fyrir alla árganga nema elsta árganginn sem fékk vikuáætlun.

Fyrir leikskólaárið 2005-2006 var ákveðið að þema ársins yrði lífsleikni. Við studdumst við þróunarverkefni sem leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuborg á Akureyri unnu að árin 2001-2004 og heitir „Lífsleikni í leikskóla“. Markmiðið með þróunarverkefninu er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna, í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja. Verkefnið er þannig uppbyggt að unnið er með tólf dyggðir þ.e. vingjarnleika, virðingu, hófsemi, glaðværð, hugrekki, hjálpssemi, þolinmæði, sköpunargleði, kurteisi, áreiðanleika, samkennd og ábyrgð. Ásamt dyggðunum var unnið með markvissa málörvun í öllum aldurshópum, hreyfingu, kraftgöngu, einingakubba og vettvangsferðir.

### Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður.

Endurmat á starfi skólans er tekið fyrir á starfsmannafundum og á skipulagsdögum. Starfið í heild sinni er endurskoðað í lok starfsárs og könnum við jafnframt hvort áætlanir hafi verið raunhæfar og árangursríkar. Foreldraviðtöl voru haldin í endaðan mars og í byrjun apríl. Leikskólinn gerir ársskýrslu fyrir hvert skólaár en þar er að finna upplýsingar um flest hvað varðar síðasta ár skólans. Einnig gerir

---

skólinn ársáætlun og skóladagatal þar sem starfsemi og annað sem tengist skipulagi skólans er fyrirfram ákveðið.

### **Þróunarstarf og nýbreytnistarf**

- Í ágúst 2005 var skólinn aldurskiptur. Við ákváðum að hafa tvær deildir með 2-3 ára börnum (Lundur og Þúfa) og tvær deildir með 4-5 ára börnum (Varða og Hvammur). Einnig hættum við að taka börn inn eftir hádegi. Ástæðan var sú að undanfarin ár hefur lítið verið óskað eftir vistunartíma eftir hádegi. Einnig hefur verið mjög erfitt að fá fagfólk og annað starfsfólk til starfa eftir hádegi.
- Á fagfundi í apríl s.l. var öllum fullljóst að elstu deildir skólans Hvammur og Varða skorti rými vegna fjölda barna á þessum deildum. Í kjölfarið var ákveðið að elstu deildirnar sem nú eru á svokölluðu efra svæði í leikskólanum myndu færast niður í stærra rými og verður Hvammur þar sem Þúfa er núna og Varða verður staðsett þar sem Lundur er nú. Þúfa mun flytjast á Hvamm og Lundur á Vörðu, þessar breytingar tóku gildi 15. ágúst 2006.
- Í ágúst 2005 var ráðinn verkefnastjóri í hreyfingu Kristín Stefánsdóttir rope jóga kennari, en hún hafði umsjón með hreyfingu barnanna í salnum í vetur. Hreyfingin var byggð upp þannig að hver hópur fékk 30 mínútur í senn. Kerfið sem nýtt var með börnunum var byggt á námi kennarans, reynslu, þekkingu og hugsjón. Unnið var með börnin í smáum hópum, þannig að einstaklingurinn gat notið sín til fulls, bæði andlega og líkamlega. Grunnurinn er byggður á meðvitund um sjálfan sig, líkamann, huga og sál.
- Sú nýung var gerð á bóndadegi að boðið var uppá þorramat í sal skólans og var það velheppnuð og skemmtileg stund. Einnig gerðum við breytingu á konudegi en þá buðum við uppá kaffi og eplaköku með rjóma í salnum.
- Leikskólinn hefur tekið virkan þátt í þróunarverkefni Reykjanesbæjar sem lauk formlega 23. apríl s.l. Markmið þessa verkefnis var að efla málskilning barna í bæjarfélaginu. Þó áttakinu sé lokið munum við halda áfram á sömu braut og áður og halda lestrarmeningunni áfram af fullum krafti. Í vetur lögðum við mikla áherslu á málrækt í öllu leikskólastarfinu. Við nýttum samverustundirnar vel, þar sem nemendur okkar hlustuðu á barnasögur og lærðu ýmsa söngva, þulur og vísur. Í vinnustundum höfum við unnið skipulega með málörvun í öllum árgöngum; við höfum lagt inn rím, hljóðgreiningu og fleira sem tengist hljóðkerfisvitundinni. Unnið var með elstu börnin fjórum sinnum í viku þar sem farið var markvisst í námsefnið „Ótrúleg eru ævintýri“, lestraráttin æfð, lítill og stór stafur tekinn fyrir, hvað er orð og hvað er setning. Einnig var stuðst við bækurnar Markviss málörvun og Ljáðu mér eyra.
- Vinna við skólanámskrá skólans fer senn að ljúka en kennarar skólans hafa unnið hörðum höndum að henni þar sem reynt verður að koma starfi skólans sem best til skila.
- Heimasíða Garðasels leit dagsins ljós 17. mars. Á heimasíðu okkar er hægt að nálgast matseðla, dagatal skólans, ýmsar fréttir úr starfinu og myndir af börnunum í leik og starfi.
- Á deildarstjórafundum 6. janúar s.l. var ákveðið að frá og með næsta skólaári haustið 2006 verða svonefndar vinnustundir að hópavinnu.

---

## **Menningaviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir.**

**1. september.** Elstu börnum leikskóla Reykjanesbæjar boðið að vera við opnunaráttíð „Ljósanætur“ við Myllubakkaskóla. Árni Sigfússon bæjarstjóri setti hátíðina.

**11. október.** Aðalfundur foreldrafélagsins. Rope jóga kennarinn Kristín Stefánsdóttir en hún sér um hreyfinguna hér í Garðaseli var með fyrirlestur um „Sameiningu líkama, hug og sálar“. Ingibjörg Guðjónsdóttir sagði frá aldursskiptingu skólans og hvernig hún gekk fyrir sig.

**4. nóvember.** Farið var með útskriftarhóp í leikfimitíma í Heiðarskóla.

**16. nóvember.** Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur á sal skólans. Kennarar og börn skemmtu sér og öðrum. Elsti árgangur Garðasels og Heiðarsels sameinuðust í Heiðarskóla og sungu fyrir fyrstu bekkina.

**18. nóvember.** Svanhildur Eiríksdóttir bókmenntafræðingur heimsótti okkur í tilefni af norrænni bókasafnsviku sem var 14-20. nóvember síðastliðinn. Hún tók með sér „Lúna ferðatösku“ sem innihélt skemmtilegar ferðasögur. Þessi stund var eingöngu ætluð elsta árgangi skólans.

**23.-24. nóvember.** Piparkökubakstur á öllum deildum.

**28. nóvember-2. desember.** Farið var með útskriftarhóp í tölvutíma í Heiðarskóla.

**8. desember.** Georg bangsi kom í heimsókn og skemmti börnunum með söng og dansi.

**9. desember.** Þar sem ekki var jólaball í Stapa á vegum foreldrafélags Garðasels eins og verið hefur undanfarin ár var ákveðið að halda sameiginlega jólastund í sal skólans. Þar var dansað í kringum jólatréð og góðir gestir komu í heimsókn. Börnin buðu foreldrum sínum uppá piparkökur sem þau bökuðu í nóvember mánuði.

**14. desember.** Elstu börnum skólans boðið á sérstaka jóladagskrá í Duushúsum. Þetta árið var boðið uppá brúðuleikhússýningu “Súpan hennar Grylu” í flutningi Hallveigar Thorlacíus.

**16. desember.** Litlu jólin haldin í sal skólans, sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Jólamatúr var í hádeginu, hangikjöt með öllu tilheyrandi.

**19. desember.** Farið var í kirkjuferð með börn fædd 2000 og 2001, ásamt öðrum leikskólum í Reykjanesbæ. Þetta árið kom það í hlut Garðasels að sjá um helgileikinn sem tókst afburða vel.

**21. desember.** Foreldrafélag Garðasels bauð öllum börnum leikskólans í ferð um bæinn með jólarútu. Í för með hópnum voru tveir jólasveinar og buðu þeir börnunum uppá piparkökur.

**20. janúar.** Í tilefni bóndadags buðu börn og kennarar, pöbbum og öfum í morgunmat og eða síðdegishressingu rúnstykki og kakó. Einnig var boðið uppá þorramat í sal skólans.

**30. janúar-3. febrúar.** Tannverndarvika. Skólinn fékk að gjöf DVD geisladisk með sögum um Karíus og Baktus sem nýtt var í vinnustundum skólans.

**1.-3. febrúar.** Kynning á Heiðarskóla. Útskriftarhópur heimsótti heimaskólann sinn og skoðaði helstu vistarverur skólans.

**17. febrúar.** Í tilefni konudags buðu börn og kennarar mömmum og ömmum í morgunmat og eða síðdegishressingu. Boðið var uppá rúnstykki, kakó og heita eplaköku með rjóma.

**27. febrúar.** Á bolludag var rjómobollusmakk í morgunmat og síðdegishressingu og fiskibollur í hádegismat.

**28. febrúar.** Sprengidagur-saltkjöt og baunir.

**1. mars.** Öskudagur, gerðum okkur glaðan dag í sal skólans. Börnin mættu í öskudagsbúningum og náttfötum og skemmtu sér og öðrum.

**7. mars.** Útskriftarhóp boðið í heimsókn í kennslustund í Heiðarskóla; börnin fengu að taka með sér nesti.

**13. mars-16.mars.** Farið með elstu nemendum í Stekkjarkot þar sem farið var yfir síði og venjur í gamla daga.

**22. mars.** Útskriftarnemum boðið í kynningar heimsókn í Njarðvíkurskóla.

**21. apríl.** Blár dagur-fagnaðarfundur í sal skólans þar sem kennarar og börn mættu í einhverju bláu.

**26. apríl.** Útskriftarnemum boðið í kynningar heimsókn í Akurskóla.

---

**27. apríl.** Útskriftarnemum boðið í kynningar heimsókn í Holtaskóla.

**3. maí.** Útskriftarnemum boðið í kynningar heimsókn í Myllubakkaskóla.

**6. maí.** Foreldrafélag Garðasels stóð fyrir sveitaferð að Grjóteyri í Kjós.

**8. maí.** Elstu börn skólans heimsóttu lögreglustöðina. Gengið var um stöðina og vistarverur fanga skoðaðar. Börnunum var síðan keyrt heim í lögreglubíl en það þótti þeim afar spennandi og toppurinn á góðri heimsókn.

**9. maí.** Elstu börn skólans heimsóttu slökkvistöðina. Þar fengu þau t.d. að sprauta vatni úr slöngu slökkvibílsins og margt fleira.

**11. maí.** Farið var í útskriftarferð með elstu börnin. Farið var á Fræðasetrið í Sandgerði og einnig var Fiskmarkaðurinn heimsóttur. Á pizzastaðnum Mamma Mía fengu börnin pizzur og ís. Þegar heim var komið var farið í sal skólans þar sem afhent voru útskriftarskjöl og skólamöppur. Garðasel gaf nemendum sínum blýant og strokleður og foreldrafélag Garðasels í samráði við Pennann gáfu börnunum glæsilegt pennaveski fyrir komandi grunnskólagöngu.

**12. maí.** Þemalok. Þennan dag gerðum við okkur glaðan dag í tilefni vinnustundaloka m.a. var slegið upp náttfataballi. Í hádeginu var boðið uppá hamborgara og ís í eftirrétt.

**22. maí.** Umferðarráð kom í heimsókn og var með umferðarfræðslu fyrir börn fædd 2000 og 2001. Börnin fengu poka með ýmsum upplýsingum til foreldra.

**22. maí-2. júní.** Garðasel tók þátt í myndlistarsýningu á vegum Bókasafns Reykjanesbæjar.

**6. júní.** Útival hófst; fjórir krókar voru í boði þetta árið, vatnskrókur, krítarkrókur, ævintýra/hreyfileikjakrókur og smíðakrókur.

**14. júní.** Útiþróttadagur haldinn á leikvelli Garðasels. Ýmsir krókar voru í boði.

**5. júlí.** Sumarhátíð Garðasels. Margt var til gamans gert og ekki spillti veðrið sem var yndislegt þennan dag. Garðasel bauð uppá pylsur og svala. Foreldrafélagið tók þátt í hátíðinni og bauð uppá hoppukastala og skemmtu börnin sér vel.

### **Kynning á leikskólanum út á við.**

- Tveir nemar frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja komu í heimsókn og unnu með börnunum verkefni sem tengdist uppeldisfræði.
- Einn nemi úr 9. bekk Holtaskóla kom í starfskynningu.
- Gefin hafa verið út sex fréttabréf á árinu.
- Sumarsýning á listaverkum barnanna í Bókasafni Reykjanesbæjar 22. maí-2. júní.
- Starfsmenn á Garðaseli fóru í námsferð dagana 24. maí til 26. maí og kynntu sér kennsluaðferðir í leikskólum í Fulham og Richmond. Útbúinn var kynningarbæklingur um leikskólann Garðasel sem þýddur var á ensku og gefinn þeim sem reka Happy times leikskólana í London.
- Heimasíðan var tekin í gagnið 17. mars s.l. með viðhöfn. Leikskólinn bauð starfsfólki sínu í snittur og kaffi í tilefni dagsins.

### **Fundir (s.s. fundir allra starfsmanna, deildarstjóra, leikskólakennara, deildarfundir, samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra).**

- Starfsmannafundir eru fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Þá hittist allt starfsfólkið og ber saman bækur sínar, þar sem lagt er mat á starfsemi síðasta mánaðar og skipulagður sá næsti.
- Deildarfundir eru í beinu framhaldi af starfsmannafundinum. Þar eru mál deildarinnar rædd s.s. vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti. Þess utan er fundað um málefni deilda ef þurfa þykir.

- Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Þar ræðast við allir deildarstjórar og leikskólastjóri. Þar er ýmsum skilaboðum og breytingum komið á framfæri.
- Fagfundir voru fáir þetta árið en á þeim fundum ræðast við leikskólakennara og leikskólastjóri. Þar eru lagðar línur fyrir allt faglegt starf sem unnið er á leikskólanum.
- Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru inni í daglega starfinu og eins oft og þurfa þykir.
- Fundir vegna leik- og grunnskóla. Samráðsfundur leik- og grunnskólakennara var haldinn í Myllubakkaskóla 27. september en þar var hugað að komandi skólaári 2005-2006. 16. maí hittust kennarar beggja skólastiga að nýju þá í Akurskóla en þar voru gerð skil á gátlistum elstu barna.
- Á lestrarmenningarfundum hafa tengiliðir leikskólanna hist einu sinni í mánuði og borið saman bækur sínar, skipst á hugmyndum og upplýsingum.
- Leikskólafulltrúi heldur 1-2 fundi á ári með aðstoðarleikskólastjórum Reykjanesbæjar.
- Fagfundir leikskólafulltrúa og leikskólastjóra í Reykjanesbæ eru haldnir einu sinni í mánuði yfir skólaárið á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.
- Undirbúningstímar deildastjóra eru fimm klst. á viku miðað við fullt starf. Leikskólakennarar í fullu starfi eru einu sinni í viku fjórar klst. í senn, tvær klst. fyrir leikskólakennara í hálfu starfi. Starfsmaður kemur og leysir leikskólakennarann af á meðan. Leiðbeinendur eiga rétt á undirbúningstíma einu sinni í viku, tvær klst. í senn miðað við 100% starf. Undirbúningstími er meðal annars nýttur til vinnslu starfsáætlana, undirbúnings og frágangs verkefna, að afla sér efniviðar, undirbúnings vegna deildarfunda, foreldrafunda og viðtala, kynnisferða, kynningar og lesturs fagbóka. Leikskólakennarar/leiðbeinendur skulu skrifa skýrslu um viðfangsefni undirbúningstíma og láta í möppu þar sem leikskólastjóri getur farið yfir þær.

## Skipulagsdagar

- Skipulagsdagur 14. nóvember. Unnið var að lokafrágangi skólanámskrár sem allir starfsmenn tóku þátt í. Eftir hádegi kom Gylfi Jón Gylfason yfirsálfræðingur á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og hélt fyrirlestur um samvinnu og samskipti.
- Skipulagsdagar 24.-26. maí - Leikskólinn var lokaður þessa daga vegna námsferðar kennara Garðasels til London. Við skoðuðum tvo leikskóla í svokallaðri Happy times keðju, leikskólarnir voru í Fulham og Richmond. Einnig skoðuðum við Yoga stöð sem kennir börnum frá 3.ára aldri jóga. Skýrsla námsferðarinnar er í vinnslu.

## Foreldrasamstarf.

### Áherslur og markmið.

Eitt meginmarkmið í uppeldisstarfi leikskóla er að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra og þroska og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Til þess að leikskóli geti unnið að þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa náið samstarf við foreldra eða forráðamenn barnanna. Leikskólakennarar/leiðbeinendur þurfa að þekkja heim barnanna utan leikskólans, fyrri reynslu þeirra, heimilisaðstæður og uppeldisviðhorf foreldranna. Þeir þurfa að kynnast vandamálum barnanna heima fyrir og vita hvernig þau bregðast við þeim þar. Slíkar upplýsingar auka skilning leikskólakennara/leiðbeinanda á ýmsu atferli barnanna í leikskólanum. Á sama hátt þurfa foreldrarnir að fá vitneskju um hvernig börnunum vegnar í leikskólanum og kynnast uppeldisstarfinu þar. Markmið með foreldrasamstarfi er að:

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.
- afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra.
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

(Aðalnámskrá leikskóla 1999 bls. 30.)

## Foreldrafundir.

**17. ágúst** var kynningarfundur fyrir nýja foreldra í sal skólans. Markmiðið með þessum fundi var að foreldrar hittu starfsfólkið, skoðuðu leikskólann og fengju innsýn í starfsemi vetrarins.

## Foreldraviðtöl-fréttabréf.

Þegar barnið byrjar á leikskóla eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá deildarstjóra/leikskólakennara. Þar er skipst á upplýsingum hvað varðar barnið, hvernig aðlögun þess verði háttað og fleira.

Foreldraviðtöl fóru fram á Þúfu og Lundi dagana **27. -31. mars** og á Vörðu og Hvammi dagana **3.-7. apríl**. Þar fengu foreldrar upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnar í félagahópnum. Í viðtalinu fengu foreldrar afhenta atferlisathugun þar sem skoðaðir voru hinir ýmsu þroskaþættir.

Viðhorfskönnun var gerð dagana 27. mars-7. apríl en markmið hennar var að kanna viðhorf foreldra til leikskólastarfs í leikskólum Reykjanesbæjar og var hún lögð fyrir í öllum leikskólum bæjarins. Kom könnunin vel út að öllu leyti og var gott að sjá ánægju foreldranna með leikskólana í Reykjanesbæ.

Fréttabréf voru gefin út annan til þriðja hvern mánuð. Þar var tífundað hvað var á döfinni auk tíðinda úr starfinu. Foreldrafélagið hefur einnig sett sínar fréttir í fréttabréfið.

Við inngang á hverri deild er tafla, þar sem komið er fyrir ýmsum upplýsingum varðandi ferðir, verkefni, matseðil vikunnar og fleira.

## Foreldrafélag.

Á Garðaseli er starfandi mjög virkt foreldrafélag. Í stjórn eru níu manns, einn til tveir af hverri deild og einn úr hópi starfsfólks. Markmið foreldrafélagsins er að tryggja sem best velferð barna á Garðaseli og efla samvinnu heimilanna og leikskólans. Félagið hefur séð um jólaböll, sveitaferð á Grjóteyri, kökubasar, útgáfu á söngbók ásamt því að selja boli og dagatöl. Öllum tekjum félagsins er varið í eitthvað skemmtilegt og uppbyggjandi fyrir börnin. Eins og er kunnugt er lögð mikil áhersla á hreyfingu barna á Garðaseli og hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum til að efla þann þátt t.d. með kaupum á leiktækjum og áhöldum. Síðastliðin fimm ár hefur Garðasel og foreldrafélag Garðasels sameinast um sumarhátíð sem haldin er ár hvert rétt fyrir sumarfrí. Á sumarhátíðinni 5. júlí s.l. fékk leikskólinn að gjöf fána með logói skólans og börnin fengu derhúfur að gjöf, einnig með lógói skólans og þökkum við foreldrafélaginu vel fyrir. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 11. október. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar. Rope jóga kennarinn Kristín Stefánsdóttir en hún sér um hreyfinguna á Garðaseli var með fyrirlestur um „Sameiningu líkama, hug og sálar”. Í lok fundar kynnti Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri skipulag og áætlanir skólaársins 2005-2006 auk þess að ræða breytingar varðandi aldursskiptingu skólans.

---

## Samstarf – fræðsla – ráðgjöf.

### Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.

Málefni leikskóla heyra undir fræðsluskrifstofu Reykjaneshæjar. Fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar. Fræðslustjóri er Eiríkur Hermannsson. Leikskólafulltrúi er Guðríður Helgadóttir. Hún hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Sérkennslufulltrúi er Ingibjörg Hilmarsdóttir. Hún hefur yfirumsjón og veitir ráðgjöf vegna sérkennslu til starfsfólks og foreldra. Börn í leikskólum Reykjaneshæjar hafa aðgang að sérfræðiaðstoð á vegum skólaskrifstofu. Á hennar vegum eru starfandi talmeinafræðingar og sálfræðingar. Sími á Fræðsluskrifstofu er 421-6700. Einnig fáum við ráðgjöf frá Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins og fjölskyldu-og félagsþjónustu Reykjaneshæjar.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári. Þetta starfsár voru þau í febrúar og mars. Þetta eru einkaviðtöl leikskólustjóra og viðkomandi starfsmanns og er fyllsta trúnaðar gætt. Í starfsmannaviðtölum er m.a. farið yfir líðan starfsmanns í vinnunni, samskipti við börn og samstarfsfólk. Einnig er rætt um óskir starfsmanns í sambandi við símenntun.

### Leikskólakennaranám við KHÍ og HA-nemar

- Áslaug Unadóttir deildarstjóri á Hvammi er á síðasta ári í K.H.Í. en hún mun útskrifast í október næstkomandi í „Námi og kennslu ungra barna”. Sóley Gunnarsdóttir er að byrja sitt annað ár við Þroskaþjálfabraut við K.H.Í
- Marta Kristín Jónsdóttir á öðru ári leikskólabrautar í K.H.Í var á Hvammi í vettvangsnámi frá 30. janúar til 16. mars. Æfingakennari Mörtu var Áslaug Unadóttir deildarstjóri á Hvammi.

### Samstarf við grunnskóla

Samráðsfundur leik-og grunnskólakennara var haldinn í Myllubakkaskóla 27. september s.l. þar sem heimsóknir elsta árgangs voru skipulagðar fyrir skólaárið 2005-2006. Almenn ánægja var með fundinn og líta kennarar björtum augum til framtíðar hvað varðar gott samstarf milli skólastiganna á komandi árum. Þessi hópur hittist svo aftur 16. maí í Akurskóla en þar var farið yfir gátlista elstu barna með kennurum grunnskólanna. Yngsti árgangur grunnskólans var duglegur að koma í heimsókn í leikskólann og stóðu þær heimsóknir dagana 9. nóvember, 21. nóvember og 6. febrúar. Markmiðið með þessu samstarfsverkefni er m.a. að auðvelda börnunum upphaf skólagöngu sinnar í grunnskóla og mynda þannig samfellu milli skólastiganna tveggja.

### Samstarf þetta árið var við:

- Grunnskóla Reykjaneshæjar-Brúum bilið-nemar í starfskynningu.
- Heilsugæslu Suðurnesja.
- Fræðslu- og bæjarskrifstofur Reykjaneshæjar.
- Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins.
- Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Nemar í leikskólakennaranámi.
- Aðra leikskóla.
- Keflavíkurkirkju.
- Bókasafn Reykjaneshæjar.
- Slökkvistöðina.

- Fjölbrautarskóla Suðurnesja-nemar á uppeldisfræðibraut.
- Lögregluna-umferðarfræðsla.
- Atvinnumiðlun og Svæðismiðlun Reykjanesbæjar.
- Fasteign ehf.
- Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar.

## Öryggismál

- Brunaæfing er á hverju hausti í Garðaseli þar sem farið er yfir eldvarnir og hvernig eigi að bregðast við ef upp kemur eldur. Börn og starfsfólk taka þátt í æfingunni. Deildarstjórar fara yfir rýmingaráætlanir og endurmeta þær á starfsmannafundi í september ár hvert.
- Öryggismiðstöð ríkisins hefur umsjón með bruna- og þjófavörnum á leikskólum í Reykjanesbæ.
- Öryggisfulltrúi leikskólans er Guðrún Katrín Jónsdóttir en hennar hlutverk er að yfirfara leikvöll og húsnæði og finni hún eitthvað sem betur má fara, þá er því komið á framfæri og kippt í liðinn hið snarasta.
- Öryggistrúnaðarmaður er Alma Tómasdóttir en hennar hlutverk er að vinna í nánun samstarfi við stjórnendur skólans og aðra starfsmenn Garðasels og stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað.

## Viðhald og breytingar

- Leiksvæðið sópað af kennurum skólans þetta skólaárið.
- Sandkassi tekinn í burtu við aðalinngang/við hliðið á útisvæði.
- Skipt var um sand í efri sandkassa.
- Þakgluggar yfir deildum Vörðu og Hvammi voru í gjörgæslu starfsmanna allt síðasta skólaár vegna lekavandamála.
- Tekin var í burtu rennibraut á neðra svæði og ný sett í staðinn.
- Nýjar loftplötur settar upp í sal skólans.
- Sex nýir gluggar settir í, á Lundi og Þúfu.
- Ný vinnuborð komin í undirbúningsherbergi.
- Málaðir voru veggir á Lundi og Þúfu af kennurum skólans.

Miklar breytingar eru framundan á húsnæði Garðasels. Verið er að leggja síðustu hönd á teikningar af stækkun starfsmannaálmú hússins, þar sem verður ný skrifstofa leik- og aðstoðarleikskólastjóra og rúmgóð kaffistofa starfsfólks. Einnig verður mikil breyting á eldhúsi en það stækkar til muna og fá matráðar gott pláss til umráða.

## Endur- og símenntun starfsmanna

**2. september.** Kynning á málörvunarefninu „Tölum saman“ eftir Ásthildi Snorradóttur talmeinafræðing og Bjartey Sigurðardóttur talmeinafræðing og sérkennara. Kynningin var haldin á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Ingibjörg Guðjónsdóttir og G.Ágústa Björgvinsdóttir sóttu kynninguna.

**22. september og 3. nóvember.** Námskeið á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og Símenntunar K.H.Í „Hljóm 2, athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna“. Ingibjörg Guðjónsdóttir og Hrönn Guðmundsdóttir sóttu námskeiðið.

**13.-14. október.** Námskeið „Atferlisþjálfun fyrir börn með einhverfu“. Haldið í Gerðubergi, fyrirlesari Guðný Stefánsdóttir þroskaþjálfari og Sigríður Lóa Jónsdóttir. Berglind Stefánsdóttir sótti námskeiðið.

---

**20. september-6. október.** Kjarnanámskeið/starfsþjálfunarnámskeið II fyrir leiðbeinendur í leikskólum 1.hluti. Gunnhildur Ásgeirsdóttir, Ásdís Ingadóttir, Eiríka Jónsdóttir og Alma Tómasdóttir sóttu námskeiðið.

**18. október-8. nóvember.** Tölvunámskeið fyrir starfsfólk leikskóla haldið í Tölvuskóla Suðurnesja á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum. Eiríka Jónsdóttir og Guðrún Katrín Jónsdóttir sóttu námskeiðið.

**21. október.** Námskeið á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar haldið í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum „Hvernig virkjum við starfsmennina í ákvörðunarferli” Mannauður-Starfsmannamál. Kennarar Guðjónína Sæmundsdóttir og Lilja Samúelsdóttir. Rannveig Arnarsdóttir, Anna Marie Kjærnested, Guðrún Katrín Jónsdóttir, Áslaug Unadóttir, Hrönn Guðmundsdóttir sóttu námskeiðið.

**9. janúar.** Gylfi Jón Gylfason yfirsálfræðingur á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar var með upprifjun á S.O.S fyrir kennara á starfsmannafundi.

**16. janúar.** ConMan fyrir námskeið fyrir byrjendur á vegum daCoda ehf haldið í Tölvuskóla Suðurnesja. Leiðbeinendur Ástþór Ingi Pétursson forritari og kerfisstjóri daCoda. Ingibjörg Guðjónsdóttir, Inga Sif Gísladóttir, Rannveig Arnarsdóttir og Anna Marie Kjærnested sóttu námskeiðið.

**24. janúar-14. febrúar.** Kjarnanámskeið/starfsþjálfunarnámskeið II fyrir leiðbeinendur í leikskólum 2.hluti. Gunnhildur Ásgeirsdóttir, Ásdís Ingadóttir, Eiríka Jónsdóttir og Alma Tómasdóttir sóttu námskeiðið.

**10. febrúar.** Námskeið á vegum Talþjálfunar Reykjavíkur haldið á Grand Hótel „Tal og málörvun: Sértek úrræði og árangur í brennidepli”. G.Ágústa Björgvinsdóttir og Gunnhildur Ásgeirsdóttir sóttu námskeiðið.

**16. febrúar-23. mars.** S.O.S námskeið á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Fyrirlesari Gylfi Jón Gylfason yfirsálfræðingur á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Gunnhildur Ásgeirsdóttir og Þórunn Sif Sigurjónsdóttir sóttu námskeiðið.

**3. mars.** Ráðstefna um stöðu barna í íslensku samfélagi haldin á Grand Hótel „Hve glöð er vor æska”. Ráðstefnustjóri Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar. Ingibjörg Guðjónsdóttir, Inga Sif Gísladóttir, Anna Marie Kjærnested, G.Ágústa Björgvinsdóttir, Rannveig Arnarsdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Áslaug Unadóttir og Guðrún Katrín Jónsdóttir sóttu ráðstefnuna.

**14. mars-30. mars.** Kjarnanámskeið/starfsþjálfunarnámskeið II fyrir leiðbeinendur í leikskólum 3.hluti. Gunnhildur Ásgeirsdóttir, Eiríka Jónsdóttir, Ásdís Ingadóttir og Alma Tómasdóttir sóttu námskeiðið.

**16. mars.** Ráðstefna „Konur, starfsframi og fjölskylda” haldin í Duushúsum á vegum Hitaveitu Suðurnesja, Glitnis og Reykjanesbæjar. Ingibjörg Guðjónsdóttir og Inga Sif Gísladóttir sóttu ráðstefnuna.

**21. mars.** Fræðslufundur í Njarðvíkurskóla á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar „Málþroski barna og tengsl hans við þróun læsis”. Fyrirlesarar Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor við K.H.Í. Ingibjörg Guðjónsdóttir og Inga Sif Gísladóttir sóttu fundinn.

**3. apríl.** Sérfræðingur frá Barnahúsi var með fyrirlestur á starfsmannafundi um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

**4.-5. apríl.** Námskeið á vegum Greiningarstöðvar ríkisins-Atferliþjálfun fyrir börn með einhverfu. Haldið í Gerðubergi. G.Ágústa Björgvinsdóttir sótti námskeiðið.

**12. júní-13. júní.** Námskeið „PECS, The picture exchange communication system” á vegum Greiningarstöðvar ríkisins. G.Ágústa Björgvinsdóttir sótti námskeiðið. Fyrirlesarar Zena Barton og Teresa Webb.

**7. október.** Trúnaðamannanámskeið í Gerðubergi, Reykjavík. Anna Marie Kjærnested sótti námskeiðið.

---

**21. september.** Grunnnámskeið „Einhverfa og skyldar þroskaraskanir“. Fyrirlesarar Ýr Sigurðardóttir, Svandís Sigurjónsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Guðný Stefánsdóttir, Sigrún Hjartardóttir, Sigríður Lóa Jónsdóttir og Sigrún Birgisdóttir. Berglind Stefánsdóttir sótti námskeiðið.

## Lokaorð

Síðasta skólaár á Garðaseli var afar viðburðaríkt. Í byrjun skólaárs voru gerðar miklar breytingar varðandi aldursskiptingu sem skilaði góðum árangri og voru kennarar og foreldrar ánægðir með hvernig til tókst. Einnig var tilhögun á „hreyfingunni“ breytt í þá veru, að við fengum Kristínu Stefánsdóttur jógakennara til liðs við okkur og vann hún með börnunum af miklum metnaði og með frábærum árangri.

Unnið var skipulega að faglegum markmiðum skólans til framtíðar og var lögð mikil vinna og metnaður í verkefnið. Voru fagfundir í febrúar og maí nýttir í þessu skyni.

Undirbúningur að námsferð starfsmanna Garðasels til London hófst í janúar 2006 og var eftirvænting mikil. Farið var til stórborgarinnar 23. maí og reyndist ferðin hreint stórkostleg. Tveir leikskólar voru heimsóttir og eitt jóga center og hvar sem við komum voru viðtökurnar með miklum ágætum.

Mikil samvinna og samkennd var meðal starfsfólks bæði á undirbúningsstigi ferðarinnar og í ferðinni sjálfri og voru allir sem einn hamingjusamir með þessa fyrstu námsferð starfsmanna Garðasels á erlenda grund.

Að venju voru kennarar Garðasels duglegir að sækja námskeið. Framundan bíða svo spennandi verkefni sem gaman verður að takast á við sérstaklega er varða fyrsta skólastig barnsins. Að öðru leyti um verkefni starfsársins er vísað til skýrslunnar.

Virðingarfyllst,

---

Inga Sif Gísladóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

---

Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri.